

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Brautarholti, 23.01.2020

Efni: Stjórnsýslukæra vegna innheimtu gatnagerðargjalds Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Kærandi er Hó ehf kt 700516-2370 eigandi að Holtabraut 25 (áður Brautarholt 16) Fastanúmer 2305632, 804 Selfossi. Hin kærða ákvörðun er innheimta gatnagerðargjalds Skeiða- og Gnúpverjahrepps að upphæð kr. 590.788. Álagningin barst okkur með ódagsettu bréfi, móttæknu 27. desember 2019. Kæruheimild er í 11. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald. Krafa okkar er að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Málavextir

Hinn 24. maí 2005 var gerður lóðarleigusamningur fyrir lóð „úr lendum sveitarfélagsins í Brautarholti nr. 11-13, til þess að byggja á henni íbúðarhúsnæði/parhús“. Þegar Hó ehf keypti íbúðina árið 2016 kom hvergi fram í gögnum að þessi hluti gatnagerðargjalda væri ógreiddur, hvorki hjá einhverjum af fyrri eigendum né gögnum frá fasteignasala.

Með þessu erindi sendum við afrit af :

Bréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi varðandi álagningu gatnagerðargjaldanna ásamt útreikningi, dagsett í des 2019. Fasteignayfirlit.

Lóðaleigusamningur.

Samþykkt um gatnagerðagjöld í þéttbýli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Að öðru leiti viljum við vísa til stjórnsýslukæru, ásamt fylgiskjölum, sem send var ráðuneytinu varðandi sama efni þar sem farið er efnislega yfir kröfu nágranna okkar að Holtabraut 14, Ásgeirs Guðmundssonar og Lóreyjar Ránar Rafnsdóttur um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar. Byggist kæra þeirra fyrst og fremst á því að greiðsluskilmálar 5. gr. samþykktar Skeiða- og Gnúpverjahrepps standist ekki kröfur stjórnarskrárinnar til innheimtu skatta, sjá undirkafla 3.1. Til vara byggjum við öll kröfu okkar á að innheimta sveitarfélagsins eigi sér ekki lagastoð, sjá undirkafla 3.2. og 3.3. Til þrautavara byggjum við kröfu okkur á að krafa sveitarfélagsins fyrir greiðslu gjaldsins sé fyrnt, sjá undirkafla 3.4. Til þrautþrautavara byggjum við kröfu okkur á að útreikningur gjaldsins sé ekki í samræmi við lög, sjá undirkafla 3.5.

Við áskiljum okkur rétt til að koma að frekari sjónarmiðum eða gögnum á meðan meðferð málsins stendur. Þá óskum við eftir því að koma að sjónarmiðum okkar vegna væntanlegrar umsagnar sveitarfélagsins. Sé frekari upplýsinga óskað er hægt að hafa samband við okkur á netfangið hdh1@simnet.is
Virðingarfyllst fyrir hönd Hó ehf.

Harpa Dís Harðardóttir kt 101068-5529

Ólafur F. Leifsson kt 190862-3219

Vinsamlegast sendið staðfestingu á móttöku póstsins.